

## Námskrá Eldhamra 2024-2025



## Efnisyfirlit

Leikskóladeildin Eldhamrar .....	3
Umhyggja .....	3
Frjáls leikur .....	4
Blær .....	5
Dagskipulag .....	6
Matur .....	6
Samverustund/söngstund .....	7
Val .....	7
Hvöld .....	8
Hringekja .....	8
Útivera .....	9
Gönguferðir .....	9
Útikennsla .....	10
Upplýsingatækni .....	10
Lubbi finnur málbein .....	11
Stærðfræði .....	11
Brúum bilið, samstarf við grunnskólann .....	12
Heimilisfræði og smíði .....	12
Íþróttir .....	13
Sund .....	13
Útskrift .....	14
Afmæli .....	14
Aðventa og jól .....	14
Aðrir atburði/dagar .....	15
Heimildir .....	15

Leikskóladeildin Eldhamrar er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 8-16, við opnum kl. 7:45 og lokum kl. 16:15. Ef farið er yfir þennan tíma, þ.e. barn sótt eftir kl. 16:15 þá er rukkað fyrir það 950 kr., sjá gjaldskrá Grundarfjarðarbæjar [http://grundarfjordur.is/Files/Skra\\_0073509.pdf](http://grundarfjordur.is/Files/Skra_0073509.pdf)

Eldhamrar starfa eftir lögum og Aðalnámskrá leikskóla en er starfrækt í Grunnskóla Grundarfjarðar. Deildin er fyrir börn 5-6 ára eða síðasta ár í leikskóla.

Grunnþættir menntunar sem fjallað er um í Aðalnámskrá leikskóla eru fléttaðir inn í daglegt starf Eldhamra og eru jafnframt háðir hver öðrum (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Grunnþættirnir eru

- Læsi.
- Sjálfbærni.
- Heilbrigði og velferð.
- Lýðræði og mannréttindi.
- Jafnrétti.
- Sköpun

(Aðalnámskrá, 2011).

Til hvers grunnþættir? Þeir snúast um læsi á samfélag, læsi á menningu, læsi á umhverfi og læsi á náttúru. Þeir snúast um að börnin læri að byggja sig upp bæði andlega og líkamlega svo þau geti bjargað sér í samfélaginu og unnið með öðrum og um framtíðarsýn, getu og vilja

til að hafa áhrif og taka virkan þátt í samfélaginu (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

## Umhyggja

Umhyggja er stór þáttur í starfi með börnum. Við sýnum börnum hlýju og væntumþykju, huggum þau þegar á þarf að halda og styðjum þau í viðleitni sinni til að þroskast og dafna. Það má líta á orðið umhyggju sem hugtak fyrir allt það sem við gerum í daglegu starfi á leikskólum. Öll samveran og samskiptin við og með börnunum. Það er mikilvægt að börn finni fyrir trausti og að þau viti og skynji að þau geta leitað til kennara. Nel Noddings er fræðimaður sem hefur lagt mikla áherslu á umhyggju í skólastarfi, hún heldur því meðal

annars fram að skortur á umhyggju sé t.d. orsök eineltis. Noddings „ fjallar um umhyggju sem felur annars vegar í sér skyldur, tengsl, samkennd og næmi og hins vegar vilja, hvöt og áhuga til að skilja hinn aðilann og veita honum umhyggju. Noddins hefur bent á að allir hafi þörf fyrir umhyggju sem felur í sér skilning, viðurkenningu, virðingu og að tilheyra öðrum, hvort sem er í bernsku, í veikindum eða á efri árum. Hún bendir hins vegar á að ekki ná allir að þróa með sér þennan hæfileika og verða færir um að sýna öðrum umhyggju. Umhyggja í samskiptum kennara og nemenda ætti að fela í sér þessi tengsl, en kennarar bera einnig ábyrgð á því að aðstoða nemendur sína til að þróa hæfileikann til að veita öðrum umhyggju“ (Elva, Gunnur og Sigríður, 2006 ). Noddins telur að kennarar þurfi stöðugt að ígrunda og spyrja sig spurninga á borð við; „hvað þarf þetta barn?“ „Hvernig get ég hjálpað barninu að bera umhyggju fyrir sjálfu sér, öðrum manneskjum, dýrum og náttúrunni?“ „Hvaða kennsluáferðir þjóna og henta hverju barni fyrir sig?“ Noddings telur einnig mikilvægt að kennara fái tækifæri til að spjalla saman og um eigin fagvitund og þróun starfsins? Þeir þurfi að sýna hver öðrum og bjóða siðferðilegan stuðning, handleiðslu og trausta vináttu.

## Frjáls leikur

Margir fræðimenn hafa sett fram ýmsar kenningar um leikinn og hvernig hann eflir alhliða þroska barna. Til þess að leikurinn er frjáls þarf hann að vakna út frá áhugasviði barna, að þau fái að velja sér efnivið og leikfélaga. Þótt þau séu í þykjustuleik er hann mjög alvarlegur og raunverulegur í augum barnahópsins (Wood, 2013). Við teljum að frjálsi leikurinn er mjög mikilvægur og reynum við að búa til gott umhverfi þar sem börnin fá að njóta sín og læra í gengum frjálsa leikinn.

Markmið með frjálsum leik

- Lofa börnunum að njóta sín í sjálfsprottnum leik.
- Að hvert barn fái verkefni við sitt hæfi.
- Efla félagsfærni
- Læri að eiga samskipti við önnur börn.
- Læri á sín mörk og annara.

## Blær

### Vináttuverkefni Barnaheilla

Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti. Í því er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Efnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu leikskólastarfinu og er órjúfanlegur hluti þess í allri vinnu og starfi leikskóla sem vinnur með vináttu. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu.

Hugmyndafræðin endurspeglast í gildunum fjórum:

#### 1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla af virðingu.

#### 2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.

#### 3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samliðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

#### 4. Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta>

Markmið:

- Að móta jákvæðan skólabrag og viðhalda honum.
- Að samfélag barnanna einkennist af gagnkvæm umburðarlyndi og virðingu.
- Að þróa getu barna til þess að sýna hverju öðru umhyggju og að styðja félagi sína og verja.

- Að efni og þau gildi sem verkefni byggir á séu eðlilegur hluti af daglegu lífi og skólastarfi.
- Að koma í veg fyrir einelti í leikskólum og grunnskólum með því að starf skólanna, áætlanir og viðhorf tryggi börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.
- Að þróa nýjar aðferðir og verkfæri til forvarna fyrir leikskóla og yngri bekkir grunnskóla.
- Að stuðla að rannsóknum á einelti.

## Dagskipulag

Dagskipulag segir okkur hvað er gert hvaða dag og veitir ákveðið aðhald á starfi.

Daglega er farið yfir dagskrá dagsins með börnunum, þar eru notaðar myndir og þær festar upp á vegg. Þetta gerir það að verkum að allir vita hvað gerist hvaða dag og á hvaða tíma.

Myndrænt dagskipulag gefur börnunum ákveðna tímaskynjun, þ.e. þau sjá þegar einn þáttur er búinn og hvað er næst á dagskrá.

Markmið með dagskipulagi er að

- Gera dagskrá dagsins sýnilega fyrir þá sem þurfa og vilja vita hvað er gert.
- Veita aðhald í starfi.
- Gera börnum kleift að átta sig á tíma, að eitt tekur við af öðru.

## Matur

Í leikskólanum fáum við 3 máltíðir á dag auk ávaxtastunda inn á milli. Við byrjum daginn á morgunmat sem samanstendur af hafragraut, hafrakoddum, corn flakes, ab mjólk og cherios. Með hafragrautnum er líka hægt að fá sér rúsínur og kanil. Hafragrautur og Weetos er einu sinni í viku og annað morgunkorn er þrisvar sinnum í viku. Um miðjan morgun fáum við okkur ávexti. Hádegismatur er um kl. 12, hann er eldaður í **leikskólanum Sólvöllum** og er keyrður hingað upp eftir til okkar. Nónhressing eða kaffitími er svo um kl. 14:30 þá fáum við okkur brauð, kex, hrökkbrauð og ýmislegt álegg og ávexti. Starfsfólk borðar alltaf með börnunum. Í matartímum fellst mikil málörvun sem og góð og notaleg samvera og spjall með börnunum.

Í matartímum er lagt upp úr því að börnin reyni að gera sjálf, skammta sér, smyrja, hella í

glösin o.s.frv.

Markmið er að:

- Börnin fái hollan og góðan mat.
- Börnin læri að fá sér nægilega mikið magn á diskinn.
- Við fáum úthald og orku til að takast á við daginn í leikskólanum.
- Að börnin átti sig á og læri inn á hvenær þau hafa fengið nóg.
- Að börnin læri borðsiði.
- Að börni læri að hjálpa hvort öðru með því að rétta matinn á milli.

### Samverustund/söngstund

Samverustundir eru einu sinni á dag. Í samverustundum vinnum við með málörvun, auk ýmissar þekkingarvinnu. Við förum í leiki og verkefni sem eflir hljóðkerfisvitund.

Í söngstund syngjum við skemmtileg lög. Bæði lög sem þekkt eru á leikskólum en einnig dægurlög sem börnin eru hrifin af. Stundum förum við í leiki eða dönsuð saman. Í söngstundum og samverustundum ræðum við líka saman um ýmis mál, t.d. vandamál og árekstra sem upp koma á milli barnanna í hópnum.

Markmið er að

- Börnin læri að sitja og hlusta.
- Læri ný orð og merkingu þeirra.
- Læri ný lög.
- Hvetja til læsis.
- Læri að takast á við þau ýmsu vandamál sem upp koma í daglegu lífi.
- Að börnin þjálfist í samskiptum við hvort annað sem og aðra einstaklinga.

### Val

Börnin geta valið úr þeim efnivið sem er inn á deildinni, hvort þau vilja, mála, teikna, leika með

kubba eða það sem þeim finnst spennandi að gera á þeim tíma.

Með vali lærir barnið að standa við þær ákvarðanir sem það tekur. Það er ekki hægt að velja eitt og hætta því strax. Barnið þarf að standa við ákvörðun sína, það er hægt að skipta og breyta vali en ekki fyrr en búíð er að prófa að gera það sem var valið.

Markmið með vali

- Að börnin læri að standa við ákvarðanir sínar.
- Að efla samskipti.
- Að efla sjálfstæði barnanna, þau taka sjálf ákvörðun um hvað þau vilja gera.
- Að börnin öðlist sjálfspækingu, að þau átti sig á hvað þeim finnst skemmtilegt eða ekki.
- Að börnin læri inn á styrkleika sína.
- Að börnin öðlist sjálfstæði til að taka sínar eigin ákvarðanir.

## Hvíld

Í hvíld förum við í rólega stund eftir hádegi. Þau fá teppi og koma sér vel fyrir.

Við lesum saman bók, meðan á lestri stendur stoppar kennari af og til og spyr börnin spurninga úr sögunni til að athuga hlustun og skilning. Einnig er stoppað og spurt hvort að börnin skilji orð sem koma fyrir sem eru kannski ekki mikið notuð í daglegu tali. Ef börnin vita ekki merkingu orðanna eru hún útskýrð, þetta er til að auka orðaforða og málskilning og kynna börnin fyrir orðum sem við notum sjaldan.

Markmið með hvíld er að:

- Skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft.
- Börnin nái góðri slökun.
- Auka orðaforða.
- Börnin æfi hlustun.

## Hringekja

Í hringekju blöndum við saman bæði leik og vinnu. Við vinnum yfirleitt á nokkrum stöðvum. Bæði á vinnustöðum og leikstöðvum. Börnin vinna í ákveðinn tíma á hverri stöð og skipta svo. Fyrst þegar við byrjum þá er tíminn ca 10-15 mínútur en eftir því sem börnin fá aukið úthald þá lengjum við tíma í ca 20 mínútur.



Markmið er að:

- Auka úthald í verkefnavinnu.
- Að börnin fái að vinna skemmtileg og stutt verkefni.
- Að börnin þjálfist í verkefnavinnu.

## Útivera

Útivera er mjög mikilvæg og holl fyrir okkur. Það er gert ráð fyrir því að allir fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Í útiveru erum við bæði úti í garði að leika okkur og förum í hópleiki. En við förum líka í gönguferðir. Á sumrin er lögð meiri áhersla á útiveru, við nýtum góða veðrið og förum í lengri ferðir eða erum úti á skólalóð og leikum okkur þar.

Markmið

- Vera úti og hreyfa okkur.
- Að börnin læri ýmsa skemmtilega hópleiki.
- Þjálfra samhæfingu augna og handa.
- Þjálfra fín og grófhreyfingu.
- Þjálfra hreyfigetu.
- Auka þor og áræðni í hreyfingu.

## Gönguferðir

Gönguferðirnar okkar eru mislangar, við getum farið stuttan rúnt um nánasta umhverfi okkar

en við getum líka farið í fjöruna og upp í skógræktina fyrir ofan skólann. Í lengri ferðum er tekið með nesti og jafnvel verið úti megnið af deginum. Í gönguferðum kynnumst við nánasta umhverfi okkar og við lærum að ganga um náttúruna.

Markmið með gönguferðum

- Að börnin læri að þekkja nánasta umhverfi sitt.
- Að börnin læri að fara vel með náttúruna okkar.
- Að börnin læri ýmislegt um dýr og gróður.
- Að börnin læri og fari eftir umferðarreglum.

## Útikennsla

Við á Eldhömrum leggjum mikið upp úr útikennslu og útiveru yfir höfuð og förum við í útikennslu að minnsta kosti einu sinni í viku. Við teljum það mikilvægt fyrir líkama og sál að fara út í misjöfnu veðri. Rannsóknir benda til þess að hreyfiproski eykst í náttúrulegu umhverfi heldur en því manngerða og einbeiting, félagsfærni og sjálfstraust eykst til muna. Við viljum líka kenna börnum að bera virðingu fyrir náttúrunni og þekkja sitt nærumhverfi. Foreldrar spila stóran þátt í því að upplifun barnanna sé góð með því að útvega þeim viðeigandi útifötum og aukaföt ef við verðum blaut eða skítug.

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að börn eigi að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru og takast á við viðfangsefni sem hentar þeirra getu, þau hafa áhuga á og styrkleikum þeirra og þroska. Starfshættir leikskóla eiga að miðast við umhverfi leikskólans og samfélaginu sem hann er í. Leikskólinn á líka að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa virk áhrif á það.

Markmið okkar með útikennslu

- Að efla líkama og sál
- Að kynna nærumhverfi sínu og leikskólans
- Að vinna með öll svið Aðalnámskrár leikskóla
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni, noti hana til náms og sem leiksvæði allt árið um kring
- Að börnin læri í gegnum leik og uppgötvun úti í náttúrunni

## Upplýsingatækni

Við erum með fasta tíma einu sinni í viku í upplýsingatækni. Þá fá börnin tækifæri til að tileinka sér tæknina í gegnum leik. Við notum spjaldtölvur og erum aðallega að vinna með leikja og kennslutæki sem heitir osmo og er margverðlaunað sem slíkt. Það sem gerir osmo leikina sérstaka er að þar er leikið með áþreifanlega hluti sem skemmtilegt fyrir börnin t.d. stafi, tölustafi og form. Barnið handleikur þá hluti og hefur þannig áhrif á það sem gerist á skjánum. Hægt er að púsla saman myndum úr formum, vinna með stafi og tölur, þjálfa fínreyfingar og rökhugsun, teikna, skapa og gera tilraunir.

Markmið er að:

- Börnin þjálfra fínhreyfingar með að handleika tölur, stafi og form.
- Börnin þjálfra rökhugsun.
- Börnin virkja sköpunargleðina og efla skilningavitin.
- Börnin efla orðaforða og stærðfræðihugsun í gegnum leik.

## Lubbi finnur málbein

Við vinnum með námsefnið Lubbi finnur málbeinið. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem eflir hljóðkerfisvitund barna. Við lærum íslensku máhljóðin með söng og ýmsum öðrum æfingum eins og tengja máhljóðin saman, klappa atkvæði, ríma, leita uppi bókstafi, raða málbeinum saman í orð, lesa orðin og svara skemmtilegum spurningum.

Markmið er að:

- Börnin læri stafina og hljóð þeirra.
- Að börnin læri að vinna saman.
- Að börnin læri að hjálpa hvort öðru.
- Að styrkja börnin fyrir lestrarnám.

Hægt er að skoða meira um Lubba inn á [lubbi.is](http://lubbi.is)

## Stærðfræði

Stærðfræði byggð á skilningi barna. Stærðfræði er allt í kringum okkur án þess að við gerum okkur endilega grein fyrir því. Það er mikilvægt að barn hafi skilning á tölunum. Þ.e. hvað stendur að baki tölunni, hvað hún þýðir. Kubbar, t.d. einingakubbar innihalda mikla stærðfræði, einnig kaplakubbar. Við vinnum líka ýmis verkefni um stærðfræði. Það er þó alltaf lagt upp með því að börnin læri í gegnum leik og skemmtileg og spennandi verkefni. Í stærðfræðivinnunni notum við einnig efni sem heitir Numicon en það eru kubbar og plötur sem hægt er að vinna með á margvíslegan máta. Numicon er ákveðin aðferð til að kenna stærðfræði og þar má finna ýmis skemmtileg verkefni til að vinna með börnunum.

Markmið með stærðfræði vinnu er:

- Að börnin öðlist grunnskilning á fjölda á bakvið tölur.
- Að börnin læri að þekkja og skrifa tölur.
- Að börnin þekki hin ýmsu form.

## Brúum bilið, samstarf við grunnskólann

Brúum bilið samstarf hefur verið á milli leik – og grunnskóla í mörg ár og verið í stöðugri þróun. Eftir að Eldhamrar tóku til starfa hafa forsendur Brúum bilið samstarfsins breyst en það er engu að síður nauðsynlegt. Það er t.d. mikilvægt fyrir börnin í 1. Bekk að fá að koma í frjálstan tíma á Eldhamra, skipta um umhverfi og brjóta upp daginn. Það er einnig mikilvægt fyrir nemendur Eldhamra að hitta tilvonandi kennara og einnig að kynnast lífinu í skólastofunni. Þessar heimsóknir eru líka til að brjóta upp daginn hjá þeim. Einn þáttur í samstarfinu er hringekjuvinna með 1. bekk sem fer fram nokkrum sinnum yfir veturinn. Þá er bæði verið í 1. bekkjarstofunni og á Eldhömrum og eru unnin ýmis verkefni á báðum stöðum. Stundum skiptum við líka börnunum í hópa og þau fara upp til 1. bekkjar og vinna með þeim.

Kennarar vanda sig við að hafa verkefnavinnuna fjölbreytta þannig að börnin fái að njóta sín og hafa gaman.

Annar þáttur í Brúum bilið samstarfinu er að nemendur á unglíngastigi geta valið að koma inn á Eldhamra. Valtímabil á unglíngastigi eru þrjú yfir veturinn. Nemendur koma þá einu sinni í viku í eina kennslustund og eru inni á deild hjá okkur. Þau leika við börnin og hafa líka aðstoðað þau í kaffitíma, kennarar Eldhamra leiðbeina nemendum á meðan þeir eru í heimsókn.

Markmið er:

- Að börnin kynnist starfi skólans.
- Að börnin kynnist kennurum sem munu kenna þeim í framtíðinni.
- Að börnin kynnist öðrum nemendum skólans.

## Heimilisfræði og smíði

Börnin á Eldhömrum fara í smíði og heimilisfræði. Við förum í litlum hópum og er þetta í

samvinnu við þá kennara sem kenna þessi fög. Tilgangurinn er að börnin kynnist kennaranum sem mun kenna þeim þessi fög þegar þau hefja nám í 1. bekk. Tilgangurinn er líka að hafa fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem brýtur upp daginn.

Markmið er:

- Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi og verkefnum.
- Að börnin kynnist þeim kennurum sem munu kenna þeim þessi fög.
- Að börnin séu kunnug stofunum og þeim reglum sem þar gilda.

## Íþróttir

Við förum í íþróttir með íþróttakennara hluta af vetrinum. Hér er unnið með alhliða hreyfiproska. Ef við sjáum að barn á erfitt með ákveðnar hreyfingar er æfingar þá eru settar upp stöðvar fyrir alla þó þær séu gagngert til að æfa ákveðna færni hjá ákveðnu barni. Kennarar fylgja alltaf hópnum í íþróttum og aðstoða þau við að leysa verkefni ef þarf.

Markmið er:

- Að þjálfra úthald og orku.
- Að börnin kynnist fjölbreyttum leikjum.
- Að börnin kynnist fjölbreyttri hreyfingu.
- Að þjálfra fjölbreytta hreyfifærni.

## Sund

Í samvinnu við sundlaugina þá er boðið upp á sundbjörgunarnámskeið fyrir starfsfólk Eldhamra. Ef foreldrar treysta börnum sínum ekki eða vita að þau séu óörugg í sundi er þeim velkomið að koma með. Við förum í sund á haustinn og á vorin þegar sundlauginn er opin. Þau eru alltaf í kútum og band er yfir laugina sem sýnir þeim hversu langt þau mega fara. Starfsmaður er alltaf í klefanum til að aðstoða nemendur.

Markmið með sundkennslunni er að:

- Börnin læri að fara ein í klefann og æfist í að klæða sig í og úr, að þvo sér og klæða sig í sundfatnað.
- Að börnin læri grunnreglur og umgegni í sundlauginni.

- Að börnin séu örugg með að fara ofan í og upp úr lauginni og viti til hvers er ætlast.

## Útskrift

Það er stór áfangi að hætta í leikskóla. Við höfum útskrift á Eldhömrum og bjóðum foreldrum og öðrum aðstandendum að koma. Börnin eru búin að gera útskriftarhatta og þau fá gjafir. Að lokum bjóðum við gestum upp á veitingar. Þetta er mikill og stór dagur sem vert er að gera eftirminnilegan fyrir alla.

## Afmæli

Við höldum upp á afmæli barnanna og gerum kórónu fyrir þau. Þegar barn á afmæli þá kemur það með veitingar að heiman og bíður hinum upp á. Veitingarnar geta verið ís, kaka, snakk, popp, ávextir eða bara það sem barnið og foreldrarnir vilja bjóða upp á.

## Aðventa og jól

- Aðventukrans. Á aðventunni kveikjum við á kertunum í aðventukransinum einu í einu, syngjum og ræðum aðventuna og hvað hún þýðir.
- Kirkjuheimsókn. Á aðventunni förum við í heimsókn í kirkjuna þar sem presturinn tekur á móti okkur.
- Vísur jólasveinanna og nöfn þeirra.
- Jólagjafagerð. Við gerum jólagjafir fyrir foreldra. Það þurfa ekki allir að gera eins, jólagjafirnar eru ekki endilega eins frá ári til árs. Við gerum líka pappír og kort.
- Jólaball/skemmtun. Við höldum okkar jólaball sama dag og grunnskólinn. Við dönsum í kringum jólatréð með nemendum grunnskólans og förum svo á Eldhamra og fáum kakó. Svo eigum við notalega stund saman og kannski koma jólasveinarnir í heimsókn til okkar.
- Kaffihús. Í desember förum við á kaffihús og eigum notalega stund saman. Það er gaman að breyta út af vananum og gera eitthvað sem lífgar upp á lífið og tilveruna.

## Aðrir atburðir/dagar

- Páskar
- Vorferð/sveitaferð. Við förum í sveitaferð og skoðum lömbin. Tökum með okkur nesti og eigum ánægjulega stund saman. Foreldrar koma með og keyra á milli staða.
- Dagur íslenskrar tungu
- Dagur íslenskrar náttúru
- Bolludagur
- Sprengidagur
- Öskudagur
- Halloween
- Afmælisdagur Eldhamra, fyrsti starfsdagur var 25. apríl 2016
- Dagur leikskólans, bjóðum foreldrum í morgunmat.
- Aðrir dagar sem upp koma og við viljum gera hátíðlega eða breyta út af vananum.

## Heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011. Aðalnámskrá leikskóla. Fengin á slóðinni <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Aggression Replacement Training, fengið á slóðinni [http://www.unak.is/static/files/Simenntun/ART\\_1.pdf](http://www.unak.is/static/files/Simenntun/ART_1.pdf)

Elva Önundardóttir, Gunnur Árnadóttir og Sigríður Sturludóttir. 2006. Menntun á grunni umhyggju. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun Grein birt 20. september 2006 og fenginn á slóðinni <http://netla.hi.is/greinar/2006/005/index.htm>

Wood, E. (2013). Play, learning and the early childhood curriculum (3. útgáfa) [Kindle útgáfa]. Sótt af Amazon.com.